

Tökum auðmjúk við leiðbeiningum þegar okkur verður á

Davíð og Batseba – 2. hluti

Leiðbeiningar: Finndu þér rólegan stað til að leysa þetta verkefni. Þegar þú lest ritningarstaðina skaltu ímynda þér að þú sért áhorfandi að því sem er að gerast. Sjáðu atburðina fyrir þér og heyrðu raddirnar. Settu þig í spor persónanna og leyfðu sögunni að lifna við.

Aðalpersónur: Davíð og Natan.

Samantekt: Jehóva fyrirgefur Davíð alvarlega synd en Davíð þarf samt að taka afleiðingunum.

1 SKOÐAÐU SÖGUSVIÐIÐ. – LESTU 2. SAMÚELSBÓK 12:1-24.

Hvers konar maður heldurðu að Natan hafi verið? _____

Hvernig er raddblær Natans þegar hann segir dæmisöguna um fátæka manninn og lambið? _____

Hvernig breytist rödd Natans í vers 7-9 þegar hann skýrir hvað sagan merkir? _____

2 KAFADU DÝPRA.

Hvers vegna hefur Natan líklega þurft að undirbúa sig vel áður en hann talaði við Davíð? _____

Hvers vegna heldurðu að Natan hafi notað þessa líkingu þegar hann ræddi við Davíð? _____

Hvernig höfðaði Natan til réttlætiskenndar Davíðs og hvers vegna var það áhrifaríkara en að beita hann þrýstingi til að játa syndina? _____

Okkur finnst kannski að Jehóva hafi verið svolítið fljótur að fyrirgefa Davíð. (*Lestu aftur vers 13.*) En hvað getur Jehóva séð hjá fólki sem við getum ekki? _____

Hvers vegna var það sanngjarnt að þínu mati að Davíð þurfti að taka afleiðingum synna sinna? (*Lestu aftur vers 10-12, 14.*) _____

3

NOTAÐU ÞAÐ SEM ÞÚ LÆRÐIR.

Skrifaðu hjá þér það sem þú lærðir um ...
nauðsyn þess að vera auðmjúkur. _____

afleiðingar þess að syndga. _____

miskunn Jehóva. _____

4

SPYRÐU ÞIG.

Hvenær hef ég fengið ráð eða verið leiðréttur?

Hvernig get ég brugðist betur við leiðbeiningum,
sem ég fæ, þegar mér verður á? _____

Hvers vegna er það merki um kærleika Jehóva
að við fáum ráð eða leiðbeiningar þegar okkur
verður á? (VÍSBENDING: Lestu Hebreabréfið
12:5, 6.) _____

Hvað hafði mest áhrif á þig í þessari frásögu og
hvers vegna? _____

Tillaga: Ímyndaðu þér að Davíð hefði brugðist
öðruvísi við. Skrifðu hvað hefði getað gerst ef
hann hefði afneitað synd sinni eða jafnvel viljað
refsa Natan. Hvaða áhrif gæti það hafa haft á
það hvernig Jehóva dæmdi Davíð?



Þú getur sótt
þetta skjal á
www.jw.org/is.